Skóli í Skarðshlíð

Tilefni fundar:	**Verkfundur**	**Fundur nr.**	**8**
Fundarstaður:	Í vinnubúðum verktaka á verkstað við Hádegisskarð Hafnarfirði		
Dagsetning:	6. júní 2018	**Fundarritun:**	BJ
Tími:	14:00 – 15:00		

Mættir:

Hafnarfjarðarbær

Verkís	Bjarni Jónsson	bjj@verkis.is -840-4558
	Hilmar Ástþórsson	hia@verkis.is
Eykt ehf.	Þorgeir Margeirsson	toggi@eykt.is 822-4414

Dreifing:

Fundarmenn
Sigurður Haraldsson
Stefán B.Veturliðason
Ragnar Haraldsson
Ólafur Ívar Baldvinsson
Kjartan Mar Eiríksson

Nr.	Málefni	Ábyrgur
1	**Almennt**	
1.1	**Síðasta fundargerð** Fundargerð síðasta verkfundar er samþykkt og undirrituð Verkfundargerðir eru sendar út með tölvupósti og eru einnig settar á verkefnavef verktaka.	
1.2	**Umsjón verkkaupa** Umboðsmaður verkkaupa er Sigurður Haraldsson frá Hafnarfjarðarbæ og verkefnisstjóri verkkaupa er Stefán B, Veturliðason frá VSB verkfræðistofu. Eftirlit er í umsjón Verkís, umsjónarmaður er Bjarni Jónsson, eftirlitsmenn við daglegt eftirlit eru: Hilmar Ástþórsson byggingavirki, Kjartan Mar Eiríksson lagnir og loftræsing, Ragnar Haraldsson og Ólafur Ívar Baldvinsson rafbúnaður.	
1.3	**Umsjón verktaka** Staðarstjóri og byggingastjóri: Þorgeir Margeirsson Verkstjórar: Þorgeir Margeirsson Gísli H. Jónsson, gislih@eykt.is, s: 822-4443	
1.4	**Tryggingar** Ekki rætt.	
1.5	**Heilbrigði, öryggi og umhverfi** Öryggis- og heilbrigðisáætlun liggur fyrir og er aðgengileg eftirliti á verkstað. Búið er að girða vinnusvæðið af, opnanir eru á suður og austurhliðum fyrir umferð inn á svæðið, vinnusvæðinu er lokað og læst utan vinnutíma. Engin slys eða óhöpp hafa orðið frá síðasta fundi.	
1.6	**Upphaf og lok framkvæmda** Samningur um verkið var undirritaður 28.7.2017 Samningsupphæð er kr. 3.979.077.263,- Fyrsta skóflustungan var tekin 21.8.2017.	
1.9	**Aðstaða og athafnasvæði verktaka** Ekki rætt.	
1.10	**Veitustofnanir** Von er á að kalt vatn verði tekið inn í hús innan skamms. Óbr. frá síðasta fundi.	

Nr.	Málefni	Ábyrgur

1.11 Samstarf við aðra

Eftirtaldir undirverktakar koma að verkinu:

Jarðvinna, Gröfumaðurinn ehf. Uppsteypa, GR-Verk. Raflagnir, Rafís. Járnbinding, Aflbinding. Pípulagnir, Topplagnir. Blikksmiður, Blikksmíði. Dúkalagnir, Pons. Málningarvinna, Sigurður Breiðfjörð. Múrverk, TM-Bygg. Utanhússklæðningar og gluggaísetningar, Fjarðaverk. Þakpappalögn, Helgason og Co hf. Gifsveggir, Einar Hannesson. Kerfisloft, Parketlausnir (Sævar Helgason).

1.13 Vinnutími

Vinnutími verktaka er 7:30 – 17:00 virka daga.

1.15 Verkáætlun

Samningsverkáætlun hefur verið samþykkt.

1.16 Gæðamál og verklagslýsingar

Rætt um gólfdúkalögn, gólfin voru flotuð í gær en áður var dúkarinn búinn að rakamæla gólfin.

1.17 Mannafli og tæki

Mannskapur og tæki verkstað á fundardegi:

Stjórnun	Húsasmið	Rafvirkjar	Píparar	Málarar	Blikksmið	Dúkarar	Verkam	Aðrir	Alls
2	13	5	5	3	6	3	18	3	58
Tæki									
Byggkran	Trailer	Valtari	Beltavél	Hjólavél	Manito lyft				
3	1	0	1	1	0				6

2 Verktakaverkið

2.2 Verkstaða - verkáætlun

Farið var yfir verkáætlun, samkvæmt henni er Hús C um 4-5 vikum á eftir áætlun, Verktaki er meðvitaður um að verkið er á eftir áætlun og vinnur að því hörðum höndum að ljúka húsi C í tæka tíð. Það er mat verktaka að hann muni ná að ljúka verkinu fyrir 12 ágúst.

Hús C á að afhenda verkkaupa 30. júní samkvæmt samningi.

2.3 Hönnun - breytingar. Teikningar og önnur gögn

Ekki rætt

Nr.	Málefni	Ábyrgur
2.4	**Rannsóknir og prófanir**	
	Ekki rætt	
2.5	**Efnisútvegun og samþykktir**	
	Efnissamþykktir eru í gangi og er haldið utan um framgang þeirra í excelskjali sem vistað er í Dropboxi verksins.	
	Verktaki staðfestir að það efni sem hann leggur til samþykkar er yfirfarið og samþykkt af hönnuðum hússins.	
2.8	**Verklag og verkþáttarýni**	
	Ekki rætt	
3	**Steypt mannvirki**	
3.2	**Verkstaða - verkáætlun**	
	Hús A: Búið að steypa um 95 %veggja á 2h. og hífa á um 60% holplatna í þakplötu.	
	Hús B: Búið er að steypa alla veggi og þakplötu, eftir er að steypa portveggi á þaki.	
	Hús C:	
	Utanhúss: Ísetningu glugga 95% lokið. Það sem búið var að einangra af þakinu fauk af í hvassviðri. Einangrun útveggjar sem snýr að húsi D er nánast lokið. Unnið er að uppsetningu festinga fyrir útveggjaklæðningu.	
	Innanhúss:	
	Gifsveggir: Á 1h. er um 100% lokið og um 85% á 2h.	
	Málning: Á 1h. er um 80% lokið og um 50% á 2h.	
	Raflagnir: Á 1h. er um 80% lokið og um 80% á 2h.	
	Lagnir: Á 1h. er um 90% lokið og um 90% á 2h.	
	Loftræsing: Á 1h. er um 30% lokið og um 0% á 2h.	
	Gólf: Búið er að flota gólf á fyrstu hæð.	
	Hús D: Uppsteypu sökkla er lokið unnið er jöfnun fyllingar undir einangrun.	
	Hús E : Unnið er við þrifalag undir sökkulveggi.	
	Hús F: Búið er að grafa laust efni ofan af klöpp og byrjað að fylla undir sökkla.	
	Lóðarvinna: Unnið er í fyllingu fyrir bílaplani norðan við húsið.	
	Áætlun næstu tvær vikur:	
	Hús A: Uppsteypu veggja á 2.h lokið. Holplötur verða hífðar á þak og þaklata steypt.	
	Hús B: Gustloka 2.h. og steypa portveggi.	
	Hús C: Unnið í frágangi að innanverðu. Festa upp vinkla fyrir utanhússklæðningu. Ljúka við ísetningu og frágang glugga, einangra þak og tyrfa.	

Nr.	Málefni	Ábyrgur
	Hús D: Steypa botnplötu og byrja á veggjum. Hús E: Steypa þrifalög og byrja á sökklum. Hús F: Jarðvinna. Annað: Lokið verður við að grafa fyrir neysluvatni og skolpi frá hringtorgi við Hádegisskarð og að húsi B. fyllt í bílaplan norðan húss.	
3.3	**Hönnun, breytingar. Teikningar og önnur gögn** Ekki rætt	
3.4	**Rannsóknir og prófanir** ÞM hefur sent inn yfirlit yfir þær steypuprófanir sem gerðar hafa verið í verkinu frá 15.11.2017 -15.2.2018. óskað er eftir nýjustu upplýsingum um steypuprófanir. Verktaki sendi inn kornakúrfu fyrir fyllingarefni 0-150 úr Vatnsskarðsnámu 30.5.2018.	ÞM
4	**Rafbúnaður**	
4.2	**Verkstaða** Sjá lið 3.2	
4.3	**Hönnun - breytingar. Teikningar og önnur gögn** Ekki rætt.	
4.4	**Rannsóknir og prófanir** Ekki rætt.	
5	**Lagnir / Loftræsing**	
5.2	**Verkstaða - verkáætlun** Sjá lið 3.2	
5.3	**Hönnun - breytingar. Teikningar og önnur gögn** Ekki rætt	
5.4	**Rannsóknir og prófanir** Ekki rætt	
6	**Innri frágangur**	

Nr.	Málefni	Ábyrgur

6.2 Verkstaða - verkáætlun

Sjá lið 3.2.

6.3 Hönnun - breytingar. Teikningar og önnur gögn

Ekki rætt

6.4 Rannsóknir og prófanir

Ekki rætt.

7 Önnur mál

7.1 Magntölur og reikningar

Rætt um magntölur sem sumar hverjar eru komnar yfir 100% í magntöluskrá. Magntöluskráin er aðeins vinnuplagg en er ekki ráðandi varðandi endanlegan kostnað. Það er tilboðsupphæð verktaka sem gildir þó greitt sé eftir magnskránni inn á verkið.

Eftirtaldir reikningar hafa verið greiddir vegna verksins.

Innb. Nr.	Dags	Vísitala reikn	Framvinda Kr.	Vísitala Kr.	Alls. m. verðb.	
1.	1.9.2017		20.428.635		20.428.635	
2.	1.10.2017	135,1	64.922.246	1.726.655	66.648.901	
3.	1.11.2017	135,8	97.194.869	3.101.964	100.296.833	
4.	1.12.2017	136,1	112.039.154	3.831.126	115.870.280	
5.	1.1.2018	136,5	106.852.143	3.978.537	110.830.680	
6.	1.2.2018	137	72.889.512	2.990.907	75.880.419	
7.	1.3.2018	136,9	123.708.353	4.982.175	128.690.529	
8.	1.4.2018	137	113.486.034	4.656.722	118.142.755	
9.	1.5.2018	137,4	205.809.708	9.070.641	214.880.349	
10	1.6.2018	139,1	160.952.927	9.172.849	170.125.776	
Alls			1.078.283.581		1.121.795.156	

7.2 Auka- og viðbótarverk

Ekki rætt

7.3 Kröfur

Ekki rætt.

7.6 Ýmis önnur mál

Ekki rætt.

7.7 Yfirlit yfir formleg gögn milli aðila frá síðasta fundi

Orðsendingar frá verktaka:

Engar

Orðsendingar frá verkkaupa:

Engar

Tölvupóstur frá verkkaupa

Engir

Tölvupóstur frá verktaka

Engir

Vinnulýsingar verktaka:

Engar

7.8 Næsti verkfundur

Næsti verkfundur er miðvikudaginn 20. júní, kl. 14:00, á verkstað.

f.h.
eftirlits

_____
Umsjónarmaður

f.h.
verkkaupa

_____
Fulltrúi verkkaupa

Fylgiskjöl: Myndir 2xA4.

Staðfesting á samþykki fundargerðar:

Fyrir verktaka: _____ Dags: _____


Hús A, B og C


Hús A, Uppsteypu veggja að ljúka,.


Hús B, Þakplata steypt.


Hús C, málningarvinna á 1.h.


Hús C, málningarvinna á 2h.


Hús D unnið í sökklum, Hús E undirbúningur undir þrifalag, Hús F. unnið í fyllingum og einnig í bílaplani norðan við hús.